

# ÁLFABORG

FÖSTUDAGUR 21. OKTÓBER 2011

**Kynningarblað**

Gæði, fagmennska,  
ráðgjöf, þjónusta,  
gólfefni, flísar,  
velgengi.

**ÁLFABORG**

## Fagmennska lykill að farsæld

Byggingavöruverslunin **Álfaborg** hefur í 25 ár séð Íslendingum fyrir vönduðum gólfefnum og hreinlætistækjum. Fyrirtækið leggur áherslu á að sinna jafnt arkitektum, iðnaðarmönnum, verktökum og einstaklingum með fagmennsku og persónulega þjónustu að leiðarljósi. Á landsbyggðinni er unnið með heimamönnum á hverjum stað.

Álfaborg er ein elsta byggingavöruverslun landsins en hún hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi síðan árið 1986 og á því aldarfjórðungsafmæli. Össur Stefánsson, framkvæmdastjóri Álfaborgar, segir marga hreinlega hvá þegar þeir komist að því að fyrirtækið skuli enn vera rekið á sömu kennitölu eftir öll þessi ár. „Sígandi lukka er best, við höfum ekki farið í offjórðingastær sem ná þarf inn í vöruverði eða bankarnir afskrifa yfir á almenning,“ upplýsir hann.

Þá segist Össur hafa uppgötvað í gegnum NaxB, innkaupasamband sem Álfaborg myndaði með flísainnflytjendum á Norðurlöndunum og eru með á þriðja hundrað verslanir, að Íslendingar gera meiri gæðakröfur en almennt tíðkast, jafnvel meðal Norðurlandþjóða.

„Við höfum einnig gætt þess að vera á tánum, sækjum sýningar úti til að fylgjast með nýjungum og leggjum áherslu á fulla breidd og verðflokkna við allra hæfi. Eitt sinn sagði Ítali við mig: „Þessar flísar eru að verða eins og fót, vor- og hausttískan.““

Össur segir aðlögunarhæfni Álfaborgar jafnframt vera lykilþáttur í þessari velgengi. Hún hafi komið fyrirtækinu í gegnum þær sveiflur sem jafnan verði í byggingariðnaði.

„Við sérhæfðum okkur til dæmis í gólfhlífum í upphafi en okkur hefur vaxið fiskur um hrygg og erum í dag alhliða gólfefna- og hreinlætistækjaverslun. Það má meðal annars rekja til þess þegar Álfaborg tók stórt skref árið 2007 og keypti rekstur Baðheima og Teppaland/Dúka-land. Tvöfaldaðist þá velta, húsnæði og starfsfólk sem taldi 25 manns í báðum húsunum, Skútuvogi 4 og 6. Í dag bjóðum við viðurkennd og virt merki á borð við Porcelanosa, Tarkett og Villeroy og Boch, nokkuð sem kröfuharðir Íslenskir neytendur kunna að meta. Þegar hæðist á byggingaiðnaðinum á Íslandi brugðum við svo á það ráð að bjóða ódýrari vörur samhliða öðrum frá framleiðslulöndum eins og Brasilíu, Póllandi og Kína. Reyndar eru Þjóðverjar að koma aftur sterkir inn á markaðinn og geta keppt í verði við Kína og enginn þarf að efast um gæðin frá þeim. Dæmi er Nordceram, flísaframleiðandi í Bremerhaven, en frá honum hafa nýlega verið valdar flísar á bankaútibú og íbúðir í hæsta gæðaflokki,“ nefnir Össur og



Össur Stefánsson, framkvæmdastjóri Álfaborgar, segir aðlögunarhæfni vera lykilþáttur í velgengi fyrirtækisins. Hún hafi komið fyrirtækinu í gegnum þær sveiflur sem jafnan verði í byggingariðnaði. Hér hann ásamt eiginkonu sinni, Ásdísí Samúelsdóttur, og syni þeirra, Kolbeini Össurarsyni, sem koma að rekstrinum. MYND/STEFAN



Fjölskyldan tók við rekstrinum fyrir aldarfjórðungi.

tekur fram að fyrirtækið setji ávallt lágmarksverðmið í gæðum.

Þótt breiddin sé mikil segir hann Álfaborg

langt í frá að vera hilluverslun heldur sé töluvert lagt upp úr sérhæfingu. „Þannig erum við sérhæfð í fáum vöruflokkum, með þrautreynt starfsfólk sem veitir faglegar upplýsingar og ráðgjöf,“ upplýsir Össur og nefnir baðherbergi í því sambandi. „Þar höfum við heildarlausn.“

Össur stýrði áður byggingavöruverueld Nýborgar í fimm ár. „Þangað til að við keyptum reksturinn og létum heita Álfaborg,“ segir hann og getur þess að þrátt fyrir langan starfsaldur sé enn verk að vinna. „Ég hef stundum orðað það þannig að ef mér leiddist að mæta í vinnuna að morgni þá hætti ég. Það hefur ekki gerst ennþá,“ segir hann og brosir.

En stendur til að gera eitthvað í tilefni af afmælinu? „Já, hér verða afmælistilboð á öllum vörum, 25% afsláttur dagana 21. október til 5. nóvember og allir í afmælistilboði.“



**25% AFSLÁTTUR Í TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLISINS!**

Í tilefni afmælisins bjóðum við viðskiptavinum okkar 25 prósentu afslátt af öllum vörum til 5. nóvember. Afslátturinn gildir einnig fyrir sérpantanir sem staðfestar eru á sama tímabili. Álfaborg hefur tekist að halda verðhækkunum í algjöru lágmarki frá falli íslensku krónunnar. Þetta hefur okkur tekist með aðstoð erlendu birgjanna okkar sem við höfum átt farsæl viðskipti við til margra ára auk þess sem gætt hefur verið aðhalds í kostnaði. Með þessum ríflega afslætti eru margar vörur á verði sem er nálægt því sem þau voru á fyrir 4 til 5 árum.



**FAGLEG RÁÐGJÖF VIÐ VAL Á GÓLFEFNUM**

Álfaborg hefur fengið til sín innanhúsarkitektinn Pétur Hafstein Birgisson til að aðstoða viðskiptavinum við val á gólfefnum og heildarlausnum fyrir baðherbergi. Pétur verður í verslun okkar alla opnunardaga fram til 5. nóvember frá klukkan 13 til 18. Þetta er kjörið tækifæri fyrir viðskiptavinum okkar að fá faglega ráðgjöf frá mjög reyndum innanhúsarkitekt. Það er von okkar að þessi nýja þjónusta nýtist viðskiptavinum okkar vel og opni fyrir þeim nýja möguleika.



**Tarkett** viðarparket

Verðdæmi:  
Eik 3ja stafa kr. 4.290 m<sup>2</sup>

25 ára



**ÁLFABORG**

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755



„Porcelanosa hefur náð undraverðri tækni í að líkja eftir marmara og þessar keramikflísar eru eitt dæmið um það,” segir Pétur, en þetta baðherbergi er í húsi sem hann hannaði á síðasta ári. Alls staðar inni í gluggunum og við baðker og klósettakassa var settur vinkillisti úr sama efni og flísarnar, sem er lausn sem ekki öll flísafyrirtæki bjóða upp á.

# Tími hlýlegri **minimalisma**

Pétur Hafsteinn Birgisson innanhússarkitekt hefur víða komið við og á fjölbreytt verk víða um land. Pétur veitir viðskiptavinum Álfaborgar ráðgjöf í tilefni 25 ára afmælisins. Sjálfur hefur hann fylgst vel með framleiðslu á Porcelanosa-flísunum, þar á meðal farið fimm sinnum á sýningar á Spáni.

**P**étur Hafsteinn útskrifaðist sem innanhússarkitekt frá Danmörku, frá Skolen for boligindretning, árið 1987 og hefur starfað sem slíkur síðan. Álfaborg hefur hann kynnst í gegnum vinnu sína, fyrst þegar hann vann fyrir Finn P. Fróðason en hann starfaði á teiknistofu hans fyrstu fjögur árin eftir útskrift. Síðan þá hefur hann notað Porcelanosa-flísar í fjölmörg verk sem hann hefur unnið fyrir aðra og einnig í eigið húsnæði.

„Ég fór að starfa sjálfstætt árið 1996 en þá hafði ég frá því ég hætti hjá Finni unnið á Arkitektastofunni OÖ í ein fimm ár. Ég hef unnið að margs konar verkefnum sem er of langt mál að telja upp hér en þetta eru skrifstofur, verslanir, hótél og svo það sem ég hef ákaflega gaman af að fást við, en það eru heimilin,” segir Pétur.

Svo nán vinna sem það getur verið að innrétta heimili fólks hefur oft getið af sér góðan kunningsskap en Pétur segir að hann segi stundum að sjálfur hafi hann engan ákveðinn stíl. Hann hlusti á óskir fólks og reyni að uppfylla þær. „Stundum hefur fólk mjög ákveðnar skoðanir, sem getur verið skemmtilegt meðan aðrir eru í vandræðum með hvað þeir vilja og þau verkefni eru líka spennandi áskorun. En þetta er mjög gefandi ferli að fylgja fólki eftir í því að koma sér fyrir og aðstoða það við að fara sínar leiðir. Eða ef svo ber undir, að aðstoða það við að finna hvaða leið það vill fara.“

Hluti af starfi Péturs er aðstoð við val á gólfefnum en þar þarf að líta til margra þátta, svo sem út frá því um hvernig húsnæði er að ræða, slitþoli og umhirðu. „Ef

um skrifstofur eða verslanir er að ræða þarf að huga vel að þeim þáttum. Þá fer það eftir starfsemi fyrirtækja, hvernig gólfefni eru valin þar sem mismunandi gólfefni henta mismunandi starfsemi.“

Pétur bendir á að þar sem hiti er í gólfum, eins og er í flestum nýbyggingum í dag, sé gott að velja flísar þar sem þær leiði betur hita en til að mynda parkett, sem einangrar hitann. Sem er þá orkusparnaður um leið.

Pétur hefur fylgst afar vel með framleiðslu og vörupróun Porcelanosa og eftir margar heimsóknir til þeirra veit hann um

af framleiðslu Porcelanosa, ekki síst vegna þess að vörulínan sé svo fjölbreytt. Ég finn nánast alltaf svör við mínum hugmyndum hjá þeim og get útfært þær. Hvort sem það eru flísar á gólf, baðherbergisveggi og gólf, á eldhúsvaggi, nú eða á tröppurnar og svalirnar. Þá hef ég einnig notað flísar frá þeim í utanhússklæðningu með góðum árangri en þar eru þeir mjög sterkir eins og í öllu sem þeir gera.“

Varðandi liti og áferð segir Pétur það fara mikið eftir hvaða stíl er verið að vinna með hvað sé valið. Undanfarið ári hafi hann

„**Það er mjög gefandi ferli að fylgja fólki eftir í því að koma sér fyrir og aðstoða það við að fara sínar leiðir. Eða að aðstoða það við að finna hvaða leið það vill fara.**“

hvað fyrirtækið snýst. „Þetta eru lúxusvörur og langframsæknasta fyrirtæki í flísaheiminum að mínu mati. Það selur mikið til efnaðs fólks í Mið-Austurlöndum og Bandaríkjunum og það hefur vægast sagt verið mikil upplifun að koma í heimsókn í fyrirtækið, skoða rannsóknarstofurnar og vinnuáætlæðingur. Það hefur eiginlega gengið þannig fyrir sig að þær vörur sem Porcelanosa hefur sýnt á sýningum með öðrum framleiðendum, eru alltaf skrefi á undan og á næstu sýningu má sjá að aðrir framleiðendur eru undir greinilegum áhrifum frá síðustu vörulínu Porcelanosa.“

Pétur segist hafa verið ákaflega heillaður

séð mikið af brúnum og dröppuðum litum, núna séu gráir tónar áberandi og með þeim oft sterkir skærir litir notaðir, í stökum húsgögnum eða fylgihlutum. „Straumar og stefnur í gólfefnum undanfarið ári eru helst að varðandi parket hefur verið mikið um svokallað plankaparket, eikin hefur verið áberandi, bæði ólituð og svo hvítuð. Þá hefur mikið verið um stórar flísar, 60x60 cm, 80x80 eða til dæmis 120x60 cm. Náttúrusteinn er alltaf með en kannski er minna um þennan grófa, frekar meir af slíp-uðu efni.“

Margir telja að tími minimalisma sé liðinn en það telur Pétur ekki rétt. „Sá stíll er



Pétur Hafsteinn Birgisson innanhússarkitekt.

kannski ekki eins svartur og hvítur og hann hefur verið hjá okkur Íslendingum undanfarið ári, hann er gerður hlýlegri með því að nota meiri við í innréttingar og nota meiri liti. Minimalismi er löngu orðinn klassískur og hverfur ekkert. Annar stíll sem hefur verið áberandi undanfarið er meira rómantískur og sækir kannski innblástur í frönsk sveitaheimili, útskorin húsgögn, köflótt áklæði, höráklæði og mikið af fallegum fylgihlutum.“



Pétur Hafsteinn innanhússarkitekt segir Porcelanosa standa feti framur á alþjóðlegum flísasýningum. Gráir tónar eru áberandi um þessar mundir að sögn hans.

**25% afmælisafsláttur**  
**21/10-5/11**

**25 ára**

**ÁLFABORG**  
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755



Skafti Stefánsson, innkaupastjóri og sölumaður hjá Álfborg, segir hljóðeinangrun skipta miklu þegar teppi á stigaganga eru valin, en einnig litur og áferð sem fela óhjákvæmileg óhreinindi.

MYND/STEFAN

## Hljótt í stigahúsinu

Það er bæði auðvelt og gaman að skipta um teppi á stigaganginum í samvinnu við Álfborg. Þar fást slitsterk og fögur stigahústeppi í úrvali og allt unnið af metnaðarfullum fagmönnum með áratuga reynslu.

Það kostar ekki nema eitt símtal í Álfborg að fá dúklagn-ingameistara í heimsókn til að gera tilboð í teppalögn á stigahúsinu, þar sem allt frá A til Ö er innifalið,“ upplýsir Skafti Stefánsson, innkaupastjóri í teppadeild Álfborgar, sem býður húsfélögum umrædda þjónustu endurgjalds- og skuldbindingarlaust.

„Ásamt því að mæla upp stigaganginn mætir meistarinn með sýnishorn teppa sem fást í úrvali lita og gæða, og reiknar út tilboð sem felur í sér að rífa og fjarlægja gömlu teppin, leggja ný teppi með öllum tilheyrandi kostnaði og útreiknaða endurgreiðslu á virðisaukaskatti svo húseigendur geri sér grein fyrir endanlegum kostnaði við teppaskiptin,“ útskýrir Skafti.

Í teppadeild Álfborgar fæst ríkulegt úrval slitsterkra stigahúsa- og skrifstofuteppa, sem öll

eiga sammerkt að vera dugandi á fjölfarin gólf.

„Fyrsti kostur ætti ávallt að vera teppi með góðri endingu, því með teppalögn í stigahúsum er ekki tjaldað til einnar nætur. Ending teppanna okkar er frá einum upp í þrjú áratugi, og mikið um teppi sem við lögðum fyrir aldarfjórðungi sem eiga enn mikið eftir og sér varla á,“ segir Skafti og gefur upp 2.000 króna mun á fermetra-verði eftir gæðum. „Val fólks á teppum fer líka eftir því hversu lengi það sættir sig við að hafa þau, því vissulega getur verið gaman að breyta til á tíu ára fresti.“

Að sögn Skafta hefur teppatíska stigahúsa verið söm við sig á undanförunum árum og engar stórvægilegar breytingar í auglýsingu.

„Flestir kjósa gráleit, yrrjótt teppi á stigahúsinu, enda mikilvægt að velja praktísk teppi sem fela óhreinindi sem óhjákvæmi-

lega verða eftir þegar gengið er inn á þau beint af götunni. Þá er líka áriðandi að setja góðar mottur í forstofur stigahúsa til að taka við mesta skítinum, bleytu og slabbi, því sandur og gróf óhreinindi slíta teppum fyrr en ella,“ segir Skafti og minnir á annað mikilvægt atriði við val á gólfteppum á stigahúsum, en það er hljóðeinangrun.

„Á öllum teppum okkar eru tækniupplýsingar sem gera grein fyrir einangrun þeirra í desibelum og mikill munur á milli teppa. Einangrun skiptir sköpum ef losna á við glymjanda og bergmál í stigahúsum, og er einmitt höfuðástæða þess að teppi eru oftast valin umfram gólfdukk á stigahúsum.“

Auk fallegra teppa á stigahúsum býður Álfborg einnig stórkostlegt úrval heimilisteppa úr ull og gerviefnum í öllum verðflokkum og ódýr filtteppi sem henta vel til bráðabirgða.

## Porcelanosa – Flísar fyrir vandláta


Álfaborg hefur selt flísar frá spænska flísaframleiðandanum Porcelanosa í yfir 20 ár, en Porcelanosa er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu gólf- og veggflísa um allan heim, með útbú í yfir hundrað löndum. Fyrirtækið gerir strangar kröfur um gæði og langan líftíma vörunnar sem hefur tryggt Porcelanosa gott orðspor.

„Margir viðskiptavinna okkar sem keyptu Porcelanosa-flísar í byrjun hafa keypt þær aftur og aftur og ekki viljað annað þegar farið hefur verið í framkvæmdir,“ segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfborgar.

„Porcelanosa hafa einnig ávallt verið á undan með nýjungar í flísum, bæði í útliti og tækninýjungum við framleiðsluna,“ bætir hann við en Porcelanosa sérhæfir sig í framleiðslu á flísum með náttúrulegu útliti og málteknium gólf- og veggflísum sem hægt er að leggja með grannri fúgu. Þá koma flísarnar einnig í margvíslegri lögun og stærðum. Segja má að flísar frá Porcelanosa séu flísar fyrir vandláta en á viðráðanlegu verði.

„Við höfum náð mjög góðum samningum við Porcelanosa eftir fall krónunnar og getum boðið flísarnar þaðan á mjög samkeppnishæfu verði,“ segir Kolbeinn.

Heimasíða fyrirtækisins er [www.porcelanosa.com](http://www.porcelanosa.com).



Keneya pulpis. Flestar gólfflísar frá Álfborg er hægt að leggja með grannri fúgu.



Treviso. Porcelanosa býður upp á mikið úrval flísa með mosaík-útliti.

## Tarkettgólfin auka lífsgæði

Tarkett hefur ráðandi markaðsstöðu í heiminum í sölu nýstárlegra og endingargóðra gólfefna og salan árið 2010 nam 1,9 milljörðum evra. Fyrirtækið vinnur með fremstu arkitektum og byggingaverktökum heims og gólfefnin frá Tarkett, hvort sem er fyrir heimahús, fyrirtæki eða íþróttamannvirki, njóta mikillar virðingar innan byggingaríndarinnar.

Tarkett býður upp á gólfefni sem henta bæði einstaklingum og fyrirtækjum og gólfefnin frá Tarkett auka bæði lífsgæði fólksins sem gengur á þeim og endursöluverð bygginganna. Hvert gólf er sérstíðni að óskum viðskiptavinarins og tekur mið af þörfum hans og óskum. Rýmið sjálft, notkun þess, byggingareglugerðir og fjárráð eru mismunandi í hverju tilviki fyrir sig og Tarkett mætir öllum kröfum með það að leiðarljósi að hver og einn viðskiptavinur sé einstakur.

Hjá Tarkett trúá menn því að gólfefni hafi marktæk áhrif á það hvernig fólk upplifir hýbýli sín, vinnustaði og íþróttastöðu og hafi mikið um það að segja hversu vel fólk líður. Á sinn hátt má segja að gólfefnin leggi sitt af mörkum til að auka lífsgæði fólksins sem býr, vinnur eða ræktar líkamann í því umhverfi sem Tarkett hjálpar til við að skapa.

Það skiptir engu hvort um er að ræða opinbera



Gólfefnin frá Tarkett njóta mikilla vinsælda í heimahúsum.

byggingu, verslunarhúsnæði, einkaíbúðir eða íþróttahús, nýbyggingu eða endurbyggingu þá sameinast sérfræðiþekking Tarkett og breitt úrvalið af viðargólfefnum, vínlgólfum, línóleumdúkum og gúmmíi um að gera Tarkett-gólfin einstök. Og þegar við bætist að Tarkett leggur ofuráherslu á að koma til móts við einstakar þarfir viðskiptavinarins getur útkoman ekki annað en orðið ánægjuleg.

**Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!**

**Eitt verð - niðurrkomið kr. 6.390 m<sup>2</sup>**

Verðdæmi:

70 fermetra stigahús með 8 íbúðum

Heildarverð kr. 447.300

Endurg. VSK og meðal skattaafsl (70.995)

Raunverð kr. 376.305

**pr. íbúð aðeins 47.038**



**Komum á staðinn með prufur og mælum, ykkur að kostnaðar lausu**

25 ára

**ÁLFABORG**  
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755